

Góðan dag

Mig langaði að bera undir ykkur hugmynd að verkefni varðandi eflingu menningarlífs í okkar ástkæra bæjarfélagi. Á vef Garðabæjar kemur fram að hægt sé að sækja um styrk fyrir verkefni í sumar sem miðlar að því að bæta og efla menningarlíf bæjarins og mig langaði því að senda ykkur drög að hugmynd minni.

Í stuttu máli sagt er hugmyndin að halda hádegistónleikaröð í bænum í sumar. Þetta yrðu einskonar 'ör' tónleikar, 50/60 mín. að lengd og alltaf tveir tónlistarmenn saman. Hádegis dúettar.

Ég myndi sjálfur sjá um skipulag/listræna stjórnun ásamt því að taka þátt í verkefninu sem tónlistarmaður. Hugmyndin er að fá tónlistarfólk í fremstu röð til að spila hverju sinni og yrði dagskrá hvert sinn breytileg eftir fólki. Þetta yrðu djazz og dægurlagatónleikar með dass af hinu og þessu. Þælingin er að halda þessa tónleika vikulega eða aðra hvora viku yfir sumarið, eftir fjármagni og áhuga. Í hádegistíma á föst. eða laugardögum, eða jafnvel sunnudögum.

Hugmyndina má móta eða aðlaga enn frekar til þess að hún vinni sem best með markmiðum og uppákomum innan bæjarins. Fjöldi tónlistarmanna og tímasetningar gætu verið breytilegar ef þess er óskað, það fer í raun allt eftir fjármagni og áhuga. Ég vildi gjarnan fá frekari tillögur eða hugmyndir frá menningar og safnanefnd ef þið sjáið fram á fleiri möguleika. Ég hef nú þegar borið þessa hugmynd undir Sigurð Flosason einn allra öflugasta tónlistarmann og menningarfrömuð landsins, honum leyst mjög vel á og samþykkti að vera meðmælandi með verkefninu.

Tónleikaröð af þessu tagi gæti orðið mikil lyftistöng fyrir menningarlíf bæjarins og gæti jafnvel orðið árviss viðburður. Ekki væri verra ef fólk hefði aukinn kost á að gera sér glaðan dag án þess að fara út fyrir bæjarmörkin.

Það er hagur okkar allra að bæta og rækta menningarlíf í bænum, mig langar til þess að halda áfram að leggja mitt að mörkum og vinna gott starf í þágu Garðabæjar.

Meðfylgjandi er gróf kostnaðar og tímabils áætlun verkefnis, einnig er ferilskrá mín í meðfylgjandi skjali.

Kærar þakkir fyrir tíma ykkar, ég vona að við getum starfað saman að þessu verkefni.

Aron Örn Óskarsson
aronoskarsson@gmail.com
8675027

Kostnaðaráætlun og tímabil verkefnis:

Heildartónleikafjöldi: 8 tónleikar

Tímabil: Júní-Ágúst (aðra hverja viku, eða í samræmi við áætlanir/ dagskrá bæjarins)

Kostnaður:

Greiðslur til tónlistarfólks og flytjenda: 480.000kr
(30 þús per músíkant, miðað við 2 hvert skipti)

Auglýsingar, hönnun, prentun og önnur tengd vinna: 90.000kr

**Umsjón með verkefni, leiga á græjum
og annar tilfallandi kostnaður: 100.000 kr**

Heildarkostnaður: 670.000 kr.